

1872.

14. ágúst.

Útaf þessu gefum vèr yður til kynna, að dómsmálastjórnin fyrir sitt leyti samþykkir þessá breytingu á áætluninni um bygginguna, sem samið var um, með því móti, að eigi fyrir þetta verði brugðið útaf því, sem samið var um borgunina”.

Um leið og vèr gefum yður, herra stiptamtmaður, þetta til vitundar útaf bræfi yðar 14. júní þ. á., yður til leiðbeiningar, sendum vèr yður eitt exemplar af uppdrætti þeim, sem getið er um að framan.

14. ágúst.

80. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um skyldu læknis til að taka kennslu í yfirsetufræði.

Dómsmálastjórnin hefir í dag skrifað hinum setta héraðslækni í Múlasýslunum og Austur-Skaptafellssýslu á þessa leið:

„Stiptamtmaðurinn yfir Íslandi hefir sent hingað skjal nokkurt, þar sem þér getið þess, að amtmaðurinn yfir norður- og austurumdæminu hafi látið í ljósi útaf fyrirspurn yðar, að það mundi ráðlegast fyrir yður að taka kennslu í yfirsetufræði á hinn konunglegu fæðingarstofnun í Kaupmannahöfn, samkvæmt auglýsing 31. oktr. 1871¹⁾, ef þér vilið verða skipaður fyrir fullt og allt í læknisembætti það, sem þér eruð nú settur í, en amtmaður kvað sér ekki bært að veita, að þér haldið launum yðar, ámeðan þér eruð fjærverandi, og hafið þér mælt til þess við stiptamtíð, ef þess þykir þurfa, að þér njótið kennslu í yfirsetufræði, að það leyfi yður eða útvegi yður leyfi til að halda launum í fjærvist yðar með því skilyrði, að þér berið umhyggju fyrir, að embætti yðar verði tilhlýðilega stjórnað, ámeðan þér eruð fjærverandi.

Um leið og vèr getum þess, að konungsúrskurðurinn 21. oktr. f. á. verður að ná til yðar, gefst yður til vitundar, að

¹⁾ Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands, III., 229.

1872.

14. ágúst.

stjórnarráðið eptir atvikum leyfir, að þér haldið launum þeim, sem þér nú hafið sem settur héraðslæknir, á meðan þér kunið að vera fjærverandi í því skyni, sem fyr var getið, en með því skilyrði, að þér á eigin kostnað látið mann, sem hlutaðeigandi amtmaður setur til þess, stjórna embættinu; að öðru leyti er það sjálfsgagt, að þó yður sé vilnað í þessu, þá er ekki þar með viðurkennt, að þér séuð hæfilegur til að fá veitingu fyrir embættinu".

Þetta gefst yður, herra stiptamtmaður, til vitundar útaf bréfi yðar, dagsettu 24. f. m., yður til leiðbeiningar, og skal því við bætt, að vèr sömuleiðis höfum skrifað amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu um þetta.

81. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmannanna á Íslandi, um varnir gegn kvikfjárpest.

14. ágúst.

Sökum þess, að kvikfjárpest er nú á Þýzkalandi, hefir stjórnarráðið fundið ástæðu til fyrst um sinn að banna, að nokkuð verði flutt til Íslands þaðan af nautpeningi, sauðfenaði og geitum, eða neinu hráu af tødum skepnum, svo sem eru húðir og skinn, hvort sem þau eru þurkuð eða söltuð, horn, klaufir, hófar, ull, hár, óhangið kjöt, mör og fl. Öll önnur tamin dýr, sömuleiðis hey og hálm, sem flyzt til Íslands, skal fara svo með, að taka úr því sóttnæmið, sem í því kann að vera, áður en það verður flutt í land.

Þetta gefum vèr yður (herra stiptamtmaður, herra amtmaður) til vitundar, yður til leiðbeiningar og til þess þér birtið það almenningi, á þann hátt, sem yður finnst best henta, og jafnframt og bent skal til auglýsingar þeirrar, sem innanríkisstjórnin hefir látið útganga 9. þ. m. um varnir gegn kvikfjárpest frá Þýzkalandi (Dönsk Lagatíðindi, nr. 106) og auglýsingar þeirrar 7. marz. 1866 frá tæðu stjórnarráði, sem vèr áður höfum